

REGLUR

um björgunar- og öryggisbúnað vöruflutninga- og farþegaskipa.

1. gr.

Ákvæði 3. kafla viðauka við alþjóðasamning um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS) 1974 með þeim breytingum sem gerðar voru á kaflanum 1983, skulu gilda fyrir íslensk vöruflutninga- og farþegaskip 500 brl. að stærð og stærri að öðru leyti en því sem tekið er fram í reglugerð þessari og reglum um björgunar- og öryggisbúnað skipa nr. 325/1985.

2. gr.

Vöruflutningaskip skulu fyrir 1. júlí 1987 búin viðurkenndum björgunarbúningum fyrir alla um borð.

3. gr.

Ákvæði 18. reglu um þjálfun og æfingar og 19. reglu um viðbúnað, viðhald og eftirlit 3. kafla SOLAS, sem vísað er til í 1. gr skulu gilda fyrir öll vöruflutninga- og farþegaskip.

4. gr.

Reglur þessar sem settar eru skv. lögum nr. 52, 12. maí 1970 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 5. janúar 1987.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. Ríkissjóðs, laun sem hér segir til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra:

	kr.
Fyrir skip allt að 8 metrum mestu lengd	890
Fyrir skip minni en 25 brl. og báta 8 metrar og lengi	1 330
Fyrir skip 25 brl. til 100 brl.	2 370
Fyrir skip 101 brl. til 250 brl.	2 960
Fyrir skip 251 brl. til 500 brl.	3 350
Fyrir skip 501 brl. til 1 600 brl.	4 440
Fyrir skip 1 601 brl. og stærri	5 320

Að auki greiðist skoðunarmönnum útlagður kostnaður, svo sem akstur og síma-kostnaður skv. reikningi.

Endurprentað blað.